

Hluti I: Grundvallarmarkmið Áætlunar S

Áætlunin komi til framkvæmdar frá og með 2021*, þá munu allar útgefnaar vísindagreinar um niðurstöður rannsókna sem styrktar eru af opinberu eða einkafé sem fengnar eru úr sjóðum landa, svæðisbundinna og alþjóðlegra rannsóknaráða og sjóða birtar í [tímaritum í opnum aðgangi](#) (OA tímarit), í [OA gagnasöfnum](#) eða gerðar aðgengilegar í opnum varðveislusöfnum, án birtingartafa.

Að auki:

01 Höfundar eða stofnanir þeirra munu halda höfundarrétti af útgefnum verkum. Allt efni skal gefa út með ákvæðum opinna aðgangsleyfa, mælt er með Creative Commons aðgangsleyfinu (CC BY) til þess að uppfylla ákvæði sem skilgreind voru í [Berlínaryfirlýsingunni](#);

02 Rannsóknasjóðir skulu birta ítarlegar kröfur og skilgreiningar sem hágæða OA tímarit, OA gagnasöfn og OA varðveislusöfn þurfa að uppfylla;

03 Í tilfellum þar sem hágæða tímarita eða gagnasafna í opnum aðgangi nýtur enn ekki við, munu sjóðirnir hvetja til þess að koma slíkum vettvangi á fót á samræmdan hátt, stofna til og styðja þegar við á, stuðningi skal einnig veitt í innviðaupbyggingu varðandi opinn aðgang þar sem þörf er á;

04 Þar sem það á við munu gjöld fyrir birtingu í opnum aðgangi vera greidd af sjóðunum eða rannsóknastofnunum, ekki af einstaka vísindamönnum; miða skal við að allir vísindamenn eigi kost á að birta verk sín í opnum aðgangi;

05 Sjóðirnir styðja við fjölbreytt viðskiptamódel fyrir tímarit og gagnasöfn í opnum aðgangi. Þegar gjöld fyrir birtingu í opnum aðgangi eru áskilin, þurfa þau að vera í réttu hlutfalli

* Sjóðir sem ákveða að innleiða Áætlun S í sínar stefnur síðar en í janúar 2021, fá eins árs aðlögunartíma frá því að samkomulag er staðfest.

við þá þjónustu sem veitt er við útgáfuna og slík gjöld skulu sett fram [á gagnsæjan hátt](#) til þess að markaðurinn og sjóðirnir geti mögulega staðlað og takmarkað umfang slíkrar gjaldtöku;

06

Sjóðirnir hvetja ríkisstjórnir, háskóla, rannsóknastofnanir, bókasöfn, vísindasamfélög og lærð félagasamtök til þess að samræma aðgerðaáætlanir sínar, stefnur og verklag með það að markmiði að tryggja gagnsæi.

07

Ofangreind grundvallarmarkmið skulu eiga við um allar gerðir vísindaafurða, en skilningur ríkir um að til þess að ná opnum aðgangi á [einefnisritum](#) og bókaköflum þurfi tímaramminn að vera lengri og að þar þurfi annars konar úrræði og meðhöndlun að koma til;

08

Sjóðirnir styðja ekki við blandaðar aðferðir í útgáfu. En sé um aðlögunarferli í átt að opnum aðgangi að ræða, innan skýrt afmarkaðs tímaramma og þá aðeins þegar um [aðlögunarsamninga](#) er að ræða, mega sjóðirnir veita fé til slíks fyrirkomulags við útgáfu;

09

Sjóðirnir munu hafa eftirlit með því hvort birtingar samræmast eða samræmast ekki þessum markmiðum af hálfu styrkþega;

10

Sjóðirnir skulu einsetja sér að við afgreiðslu styrkumsókna þegar framlag rannsókna er metið skuli það gert þannig að mikilvægi rannsóknar sé metið umfram það hvar hún er tekin til birtingar, og að hvorki sé horft í áhrifastuðul birtingarinnar (eða tímaritsins), né útgefanda.

Hluti II: Leiðbeiningar um innleiðingu Áætlunar S

1. Markmið og umfang

Áætlun S stefnir á algeran og óhindraðan opinn aðgang að [ritrýndum](#) vísindaniðurstöðum sem byggðar eru á rannsóknum sem styrktar eru af opinberum og einkareknum sjóðum. cOAlition S, eru samtök rannsóknasjóða sem hafa skuldbundið sig til að innleiða Áætlun S, í þeim tilgangi að flýta yfirfærslu útgáfukerfa fyrir vísindaafurðir í kerfi sem einkennist af opnum og óhindruðum, gjaldfrjálsum og stafrænum aðgangi sem að stærstum hluta heimilar óhefta notkun og samnýtingu vísindaafurða.

[cOAlition S](#) hefur einsett sér að mæta þeim sértæku markmiðum sem tilgreind eru í [Áætlun S](#): allt útgefið efni sem verða til úr rannsóknum sem styrktar eru af [aðildarsjóðum cOAlition S](#) og sótt er um eftir 1. janúar 2021 (eða fyrr ef einstaka sjóðir kjósa svo), skulu birtar á vettvangi opins aðgangs (tímaritum eða gagnasöfnum) eða gerðar aðgengilegar án birtingatafa í varðveislusöfnum í opnum aðgangi.

[Áætlun S á við um allt ritrýnt vísindaefni](#) sem gefið er út og byggja á niðurstöðum rannsókna sem eru styrktar að fullu eða að hluta af aðildarsjóðum cOAlition S. Þessar leiðbeiningar eiga sérstaklega við um grundvallarmarkmið Áætlunar S og vísa leið til innleiðingar þeirra varðandi tímaritagreinar. cOAlition S mun, í árslok 2021, senda frá sér yfirlýsingu er varðar [bækur og bókakafla](#) ásamt viðeigandi leiðbeiningum um innleiðingu.

Þótt Áætlun S vísi til [ritrýndra útgefinna tímaritagreina](#), hvetja aðildarsjóðir cOAlition S eindregið til þess að rannsóknargögn og [afrakstur annarrar vísindalegrar starfsemi](#) séu gerð eins opin og mögulegt er og eins lokuð eins og nauðsynlegt er. Sérstaklega er hvatt til snemmbærrar miðlunar rannsóknaniðurstaðna með birtingu á lokaútgáfu handrita.

cOAlition S styðja grundvallarmarkmið [San Francisco yfirlýsingarinnar um aðferðir við mat á vísindarannsóknum](#) (e. [San Francisco Declaration on Research Assessment \(DORA\)](#)) þess efnis að rannsóknir þurfi að meta að eigin verðleikum frekar en á hvaða vettvangi þær eru gefnar úr. Aðildarsjóðir cOAlition S munu [innleiða slík markmið](#) í stefnur sínar eigi síðar en í janúar 2021.

2. Útgáfa sem samræmist Áætlun S

Allar vísindagreinar sem verða til úr rannsóknum styrktum af aðildarsjóðum cOAlition S skulu gerðar aðgengilegar opinberlega um leið og þær eru gefnar út, án nokkurra birtingartafa.

Þrjár útgáfuleiðir samræmast Áætlun S:

	OA útgáfa (tímarit eða gagnasafn)	Áskriftartímarit (varðveisluleiðin)	Áskriftartímarit (aðlögunarsamningar)
Útgáfuleið	Höfundar gefa út í OA tímariti eða OA gagnasafni	Höfundar gefa út í áskriftartímariti og gera annað hvort útgefna eintakið (e. Version of Record (VoR)) eða ritrynt lokahandrit (e. AAM) aðgengilegt öllum í varðveislusafni.	Höfundar gefa út í opnum aðgangi í áskriftartímariti með aðlögunarsamningi
Fjármögnun	cOAlition S sjóðir munu styðja slíka leið og greiða fyrir birtingargjöld	cOAlition S sjóðir styðja ekki slíka leið og greiða ekki birtingargjöld í „blönduðum“ (e. hybrid) OA áskriftartímaritum	cOAlition S sjóðir geta stutt fjárhagslega við birtingu í opnum aðgangi þegar um aðlögunarsamninga er að ræða

Óháð því hvaða leið er valin skal útgáfan gerð aðgengileg án tafa með Creative Commons leyfi (CC BY) nema undantekning á því hafi verið samþykkt af styrktarsjóði.

Til að ná markmiðum Áætlunar S, eru OA gagnasöfn hentugir útgáfustaðir fyrir frumútgáfu rannsóknarafurða (svo sem Wellcome Open Research eða Gates Open Research). Varðveislusöfn

sem hafa þann eina tilgang að safna og birta efni sem þegar hefur verið gefið út annars staðar, eru ekki talin ákjósanlegir útgáfustaðir.

cOAlition S hvetur eindregið til þess að allt útgefið efni sé einnig sett í varðveislusafn, án tillits til þess hvaða birtingarleið er valin til samræmingar. Margir cOAlition S aðildarsjóðir krefjast þess að allar afleiddar vísindagreinar séu settar í varðveislusöfn.

cOAlition S hvetjur sérhvern vísindamann, hverja rannsóknarstofnun, aðra styrktarsjóði og ríkisstjórnir að styðja ekki fjárhagslega við blandaða útgáfu sem valkost við útgáfu í opnum aðgangi þegar birtingargjöld fyrir slíkt eru ekki hluti af aðlögunarsamningi. cOAlition S leggur áherslu á að einstaka cOAlition S aðildarsjóðir eru hvorki skuldbundnir til að undirgangast aðlögunarsamninga við útgefendur né til þess að fjármagna birtingargjöld sem eru tilgreind eru í slíkum samningi.

cOAlition S mun starfa með [Samskrá tímarita í opnum aðgangi \(DOAJ\)](#), sem og með [Samskrá um varðveislusöfn í opnum aðgangi \(OpenDOAR\)](#), [SHERPA/RoMEO](#), [Efficiency and Standards for Article Charges \(ESAC\)](#), og öðrum aðilum sem munu fylgjast með og staðfesta hvort tímarit/tímaritasöfn, varðveislusöfn og aðlögunarsamningar virði og uppfylli þær kröfur sem cOAlition S setur fram og eru settar fram í þriðja hluta þessara leiðbeininga. cOAlition S mun þróa [tæknilega lausn \(e. Journal checker tool\)](#) sem vísindamenn geta nýtt sér til þess að bera kennsl á hvaða tímarit uppfylla þessar kröfur.

Réttindi og leyfi: [Höfundur eða stofnun höfundar mun halda höfundarrétti sínum](#). Leyfi til útgáfu sem samið er um við útgefendur þurfa að heimila höfundi/stofnun hans að birta annað hvort ritrýnt lokahandrit (VoR), lokaútgáfu handrits (AAM) eða hvort tveggja aðgengilegt með opnu leyfi (eins og það er skilgreint síðar) í OA varðveislusafni, samtímis útgáfu í tímariti.

Þegar slíkt er mögulegt, munu aðildarsjóðir cOAlition S tryggja leið til að fjármagna samning eða samkomulag um að [höfundar eða stofnanir þeirra haldi höfundarrétti sem og þeim rétti sem nauðsyn krefur](#) til að gera eintak af (annaðhvort VoR, eða AAM eða hvort tveggja) aðgengilegt án tafar samkvæmt [opnu leyfi](#) (eins og það er skilgreint síðar). Til að tryggja að slíkt sé hægt mun cOAlition S [þróa eða aðlaga samning um 'Leyfi til útgáfu'](#) fyrir styrkþega sína.

Almenningi um allan heim skal tryggja gjaldfrjálst, undantekningalaust og óafturkræft [leyfi til að samnýta](#) (þ.e., afrita og miðla efninu á hvaða miðli og formi sem er) og aðlaga (þ.e., endurgera,

umbreyta, og bæta við efnislegt innihald) vísindagreina í hvaða tilgangi sem er, þar á meðal í viðskiptaskyni að því tilskyldu að höfundar sé ávallt getið með viðurkenndum hætti. cOAlition S mælir með að Creative Commons leyfi (CC) séu notuð og setur þá kröfu að Creative Commons aðgangseyfi (CC BY) 4.0 sé sjálfgefið. Á þeirri kröfu eru eftirfarandi undantekningar heimilar:

- cOAlition S mun samþykkja, sem annan valkost, notkun á leyfinu CC BY-SA 4.0, ásamt leyfi til notkunar á almannasvæði, CC0.
- cOAlition S sjóðir geta samþykkt notkun á CC BY-ND leyfinu fyrir einstakar tímaritagreinar, að því tilskyldu að þess sú krafa sé afdráttarlaus og að sjóðurinn geti fallist á slíka kröfu.
- Efni þriðja aðila sem kann að fylgja með útgáfunni (ljósmyndir eða gröf til dæmis) eru undanskilin þessum ákvæðum.

Samstarfsrannsóknir: cOAlitions S viðurkennir að sjóðir kunna að standa frammi fyrir áskorun þegar kemur að rannsóknum sem unnar eru í samstarfi við höfunda sem hljóta styrki frá sjóðum sem ekki eru aðilar að cOAlition S samstarfinu, eða höfunda við ólíkar stofnanir. cOAlition S skuldbindur sig til að efla samstarf við alla stóra rannsóknarsjóði um heim allan til þess að styðja við samstarf og viðmið Áætlunar S milli fjölbreyttra samstarfsaðila í rannsóknum.

3. Aðlögunarsamningar

cOAlition S styður nokkrar aðgerðir sem hvetja útgefendur áskriftartímarita til þess að taka þátt í umbyltingu útgáfukerfa í opinn aðgang. Við köllum slíkar leiðir [aðlögunarsamninga](#) og þrenns konar gerðum slíkra samninga er lýst hér á eftir.

Til þess að aðildarfélög cOAlition S samþykki slíka samninga er það grundvallarforsenda að þeir séu tímabundnir og hluti af aðlögunarferli, þá mun cOAlition S fjármagna útgáfukostnað tímarita með slíkum samningum, en slíkri fjármögnun lýkur 31. desember 2024.

Aðlögunarsamningar: Áætlun S styður [Alþjóðlegt framtak frá 2020 um opinn aðgang \(OA2020\)](#) sem lýtur að því að hraða umbreytingu útgáfu í opinn aðgang með því að háskólar og bókasöfn einsetji sér að draga úr kaupum á útgefnu efni sem haldið er innan svokallaðra gjaldveggja á markvissan hátt og nýti fjármagnið frekar til að styðja við útgáfu í opnum aðgangi.

cOAlition S hvetur útgefendur til að gera aðlögunarsamninga um allan heim, í öllum löndum og að miðla tölfraðilegum upplýsingum um þá.

cOAlition S hvetur stofnanir og samstarfsfélög eindregið til að þróa og gera nýja [aðlögunarsamninga](#) og mun aðeins styrkja aðlögunarsamninga gerða eftir 1. janúar 2021 sem uppfylla ákvæði ESAC.

Fyrirmynd að aðlögunarsamningum: Mörg tímarit og útgefendur, sérstaklega smærri útgáfur, eru ekki virkir þátttakendur í gerð aðlögunarsamninga eins og er. cOAlition S mun vinna að því með öllum hlutaðeigandi hagaðilum að þróa nýjar fyrirmyndir að samningum sem tryggja útgáfu í opnum aðgangi en koma í veg fyrir tvöfalda gjaldtöku. Sérstaklega mun cOAlition S í samstarfi við hagaðila, aðstoða við að koma á fót nýju umbreyttu kerfi fyrir útgáfu vísindafélaga sem og smárra og meðalstórra útgefenda, hugsanlega með því að bjóða upp á einskonar „fyrirmynd að aðlögunarsamningi“.

Aðlögun tímarita: cOAlition S mun mögulega setja á fót vettvang fyrir „aðlögun tímarita“ þar sem miðlun efnis í opnum aðgangi er markvisst aukið og áskriftarkostnaður veginn upp á móti gjöldum fyrir útgáfubjónustu (til að forðast tvöfalda gjaldtöku) og tímaritið hefur einsett sér það takmark að verða að fullu opið innan umsamins tímaramma.

4. Stuðningur við gæðatímarit í opnum aðgangi og gagnasöfnum

cOAlition S er meðvitað um fjölda gæðatímarita í opnum aðgangi og gagnasöfnum og um mikilvægi þess að viðhafa fjölbreytileika í útgáfu sem viðskiptagreinar, þar á meðal vettvang frá útgefendum sem ekki innheimta birtingargjöld fyrir greinar í opnum aðgangi.

cOAlition S er að vinna að stöðumati á gagnasöfnum í opnum aðgangi til að bera kennsl á hvar og á hvaða fræðasviðum sé mest þörf fyrir að auka við útgáfu í opnum aðgangi, hvort sem um er að ræða einstökum tímarit eða gagnasöfnum. cOAlition S aðildarsjóðirnir munu setja fram sameiginlega hvata til að stofna tímarit/gagnasöfn í opnum aðgangi eða aðlaga útgefin tímarit sem OA tímarit, sérstaklega þar sem þess er þörf útfrá niðurstöðum úr stöðumati.

5. Gagnsæi í kostnaði og gjaldskrá

Ólíkar aðferðir við fjármögnun og gjaldtöku vegna útgáfu í opnum aðgangi eru við lýði.

cOAlition S er meðvitað um þær mörgu og ólíku viðskiptaaðferðir sem hægt er að beita til að ná fullum og óhindruðum opnum aðgangi. cOAlition S kallar eftir [algeru gagnsæi](#) og eftirfylgni með kostnaði og gjaldtöku vegna útgáfu.

Þar sem skilyrði Áætlunar S eiga við og eigi síðar en 1. janúar 2020, mun cOAlition S í samstarfi við fulltrúa útgefenda og annarra hagaðila, skilgreina mismunandi þjónustuleiðir við útgáfu (t.d., gæðaflokkun, ritrýningu, ritstjórnarstörf, prófarkalestur) og útgefendur verða beðnir um að verðmeta þær leiðir. Slíkt [gagnsæi við gjaldtöku](#) mun leiða til þess að greinar fá fjármagn með aðlögunarsamningum til jafns við þær sem birtar eru í OA tímaritum og OA gagnasöfnum. Slík sundurliðun gjaldskráa skal að lágmarki tengd hverjum útgefanda, en útgefendur eru hvattir til að veita slíkt gagnsæi niður á hvert tímarit þegar það er mögulegt.

Samhliða þessu mun cOAlition S koma á fót eftirlitsaðgerðum til að viðhalda gagnsæi og skilningi á kostnaði við útgáfu og gjaldtöku. cOAlition S mun í þeim tilgangi birta viðmið um réttlát og sanngjörn gjöld fyrir útgáfubjónustu þar á meðal réttisýna stefnu um undanþágur, sem munu endurspeglar útgáfukostnað. Einstakir aðildarsjóðir cOAlition S geta ákveðið að staðla og setja hámark á þau þjónustugöld sem þeir munu fjármagna með styrkjum sínum vegna útgáfu. cOAlition S áskilur sér rétt til að ákveða síðar meir að setja samræmt hámark við slíkan kostnað verði ósanngirni í verðlagningu vart.

6. Endurskoðun

Fyrir árslok 2024 mun cOAlition S koma á fót formlegu endurskoðunarferli sem rannsakar þarfir, árangur og áhrif Áætlunar S. Sérstaklega verður árangur af aðlögunarsamningum kannaður sem og möguleiki þess að koma á fót opnum aðgangi að tímaritum í áskriftarsöfnum sem opnum varðveislusöfnum, með það að markmiði að ná fram yfirfærslu í fullan og tafarlausan opinn aðgang.

7. Samræming og viðurlög

Einstök aðildarfélög að cOAlition S munu aðlaga sínar styrkveitingar og/eða samninga að skilyrðum Áætlunar S og vakta samræmingu og sekta/beita viðurlögum þar sem hana skortir. Sérhver sjóður mun ákveða hvernig best sé að vakta hvað samræmist skilyrðum og hvaða viðurlögum skuli beitt þegar þau skortir. Viðurlög geta mögulega falið í sér: að greiða ekki út styrkfjárhæðir, að draga frá í styrkveitingu ef styrkþegi hefur birt í tímariti sem ekki uppfyllir skilyrði, og/eða að útloka þá styrkþega sem ekki uppfylla skilyrði frá styrkveitingum í framtíðinni.

8. Tímalína

Tímalína til innleiðingar Áætlunar S er mismunandi eftir stofnunum aðildarsjóða. Eftir 1. janúar 2021 verður það lágmarkskrafa að aðildarsjóðir cOAlition S taki mið af markmiðum Áætlunar S í síðasta lagi þegar styrkir eru auglýstir eða þegar umsóknarfrestur rennur út. cOAlition S hvetur aðildarsjóði sem eru í aðstöðu til þess að innleiða markmið Áætlunar S á alla styrki sem koma til úthlutunar eftir janúar 2021.

Hluti III: Tæknileg viðmið og kröfur

Fyrir rannsóknir sem styrktar eru úr sjóðum cOAlition S sem miða við Áætlun S, skulu allar ritrýndar vísindagreinar gefnar út á vettvangi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur. Þar sem slíkar greinar eru birtar í áskriftartímaritum og í opnum varðveislusöfnum samhliða, munu kröfurnar einnig ná til varðveislusafna.

Ákvæði sem eindregið er mælt til núna munu koma til endurskoðunar árið 2024 og geta að henni lokinni orðið að skylduákvæðum.

1. Kröfur fyrir útgáfuvettvang

1.1 Sameiginlegar kröfur fyrir alla útgefendur

Grundvallarskylda allra sem að útgáfu standa:

- cOAlition S leggur áherslu á að þörf er fyrir hágæðatímarit, þess vegna þurfa tímarit/gagnasöfn að hafa traust kerfi fyrir ritrýni sem tekur mið af stöðlum og viðmiðum á viðkomandi fræðasviði og taka mið af viðurkenndum aðferðum og stefnu sem lýst er af [COPE, nefndar um siðferði í útgáfu](#). Ítarlega skal greint frá þeim á vefsíðum tímarita eða gagnasafna. Sérstaklega skal greint frá útgáfukostnaði og hvorki hann, né afsláttarkjör, mega hafa áhrif á ákvörðun ritstjórnar þegar grein er samþykkt til birtingar.
- Tímarit/gagnasafn þarf að birta á vefsíðu sinni ítarlega lýsingu á útgáfustefnu og lýsa ferlinu við ákvarðanatöku. Að auki skal birta árlega að lágmarki [grundvallartölfræði](#) þar sem fram kemur fjöldi umsókna, fjöldi greina sem óskað er eftir ritrýni fyrir og fjöldi sem ritrýndur, hve hátt hlutfall greina er samþykkt og meðaltími sem líður frá umsókn um birtingu að útgáfu.
- Tímarit/gagnasafn skal samþykkja að höfundur eða stofnun þeirra eigi höfundarrétt án þess að sérstakrar greiðslu sé krafist fyrir. Samþykki til útgáfu þarf að staðfesta þann rétt og ábyrgð höfundar/stofnunar að gera ritrýnt lokahandrit (VoR) eða lokaútgáfu handrits (AAM) að greininni aðgengilegt í opnum aðgangi um leið og grein er gefin út, með aðgangisleyfum sem skilgreind eru í Hluta II, lið 2 hér að framan.

- Tímarit/gagnasafn skal annaðhvort heimila höfundum að gefa út í tafarlaust og varanlega í opnum aðgangi (án nokkurra tæknilegra eða annars konar hindrana) með aðgangsleyfum sem skilgreind eru í Hluta II, lið 2 hér að framan, eða að skila lokaútgáfu handrits (AAM) eða ritrýndu lokahandriti (VoR) í opið varðveislusafn án nokkurs auka kostnaðar og með aðgangsleyfum sem skilgreind eru í Hluta II, lið 2 hér að framan. Hvor leiðin sem valin er skal ekki verða til þess að birtingartafarákvæðum sé beitt (þar með talið vegna snemmbirtingar, þ.e. þegar stafrænt ritrýnt lokahandrit (VoR) er birt á vef áður en grein er sett í tölublað).

Skyldubundin tæknileg atriði fyrir alla útgáfustaði:

- Notkun einkvæmra stafrænna auðkenna (e. PIDs) í útgáfu vísindagreina (með útgáfuskilgreiningu, sem dæmi þegar uppfærslu er þörf), svo sem DOI (mælt með), URN eða Handle.
- Vistun efnis með langtíma varðveislu stafrænna gagna að viðmiði eða notkunar safnvistunarforrita (svo sem CLOCKSS, Portico, eða sambærilegra).
- Lýsigögn greina skulu samræmast hágæða stöðlum rekstrarsamhæfi og óbreytanleika skráarsniða og vera almenningi frjálts til afnota með CC0 leyfi. Lýsigögn skuli innihalda áreiðanlegar og ítarlegar upplýsingar um styrki sem aðildarsjóðir cOAlition S veita (að lágmarki nafn styrktarsjóðs og nafn styrkþega/auðkenni styrkþega).
- Tölvulesanlegar upplýsingar um ákvæði opins aðgangs og hvaða leyfi tilheyra greininni, að jafnaði óbreytanleg skráarsnið.

Viðbótaratriði fyrir alla útgáfustaði sem eindregið er mælt til:

- Stuðningi við einkvæm stafræn auðkenni (e. PIDs) fyrir höfunda (þ.e., ORCID), styrktarsjóði, sjóðakerfi og styrki, stofnanir og aðrar hlutaðeigandi einingar.
- Birta reglur um heimildir höfunda til að skrá og vista sitt efni í varðveislusafni í SHERPA/RoMEO.
- Gera kleift að hlaða niður heildartexta allra útgefinna verka (þar á meðal fylgiskjöllum og gögnum) á tölvutæku en læsilegu formi samkvæmt viðurkenndum stöðlum svo sem JATS XML.

- Skýrt skal frá aðilum útgáfuverks (á tölvutæku en læsilegu formi svo sem JATS XML ásamt því að innibera öll lýsigögn eins og lýst er hér að ofan) frá útgefanda að miðlægu OA varðveislusafni að vali höfundar sem samræmist skilyrðum Áætlunar S.
- [OpenAIRE](#) samræming lýsigagna.
- Tengja skal gögn, kóða og aðrar upplýsingar um rannsókn sem búa að baki útgáfunni og eru skráð í utanaðkomandi gagnasöfnum.
- Tilvísunargögn skulu vera opin og samræmast staðlinum [Initiative for Open Citations \(I4OC\)](#).

1.2 Sérstök ákvæði sem eiga við um OA tímarit og OA gagnasöfn:

Tímaritið/gagnasafnið skal vera skráð í *Samskrá um OA tímarit* (DOAJ) eða vera í samþykktarferli þar.

Að auki er gerð krafa um eftirfarandi atriði:

- OA tímarit mega ekki hafa spegil- eða systurtímarit sem er í áskriftarformi eða með umtalsverða skörun í ritnefnd til þess að forðast útgáfumódel sem rukka fyrir hvort tveggja, aðgang og útgáfu. Slík tímarit munu „de facto“ vera skilgreind sem blönduð tímarit.
- Gagnsæi í kostnaði og gjaldskrá: upplýsingar um kostnað vegna útgáfu og hvaða aðra þætti sem hafa áhrif á gjaldtöku útgefanda skulu vera birt opinberlega á heimasíðu tímarits eða í gagnasafni útgefanda (sjá einnig Hluta II, lið 5).
- Tímaritið/gagnasafnið skal fella niður birtingargjöld greina hjá höfundum [frá fátækum hagkerfum](#) og veita höfundum frá [efnaminni hagkerfum](#) afslætti, sem og fella niður gjöld og/eða veita afslætti til höfunda sem sýna fram á þörf fyrir slíkt. Stefnu um afsláttarkjör skal birta á heimasíðu tímarits/gagnasafns og tölfræði um innsendar beiðnir um afslátt og fjölda samþykktra beiðna þarf að veita.

2. Skilyrði fyrir OA varðveislusöfn

Varðveislusöfn skulu vera skráð í Samskrá um OA varðveislusöfn (OpenDOAR) eða vera í samþykktarferli.

Að auki eru gerðar kröfum um eftirfarandi atriði fyrir varðveislusöfn:

Skylda er að:

- Nota skal einkvæm stafræn auðkenni (e. PIDs) fyrir allar gerðir innsendra greina (einnig er varðar útgáfusögu, sem dæmi þegar um endurútgáfu ræðir), svo sem DOI (mælt með), URN, eða Handle.
- Lýsigögn greina skulu samræmast hágæða stöðlum um rekstrarsamhæfi og óbreytanleika skráarsniða og vera almenningi frjálst til afnota með CC0 yfirlýsingu. Lýsigögnin þurfa að innihalda upplýsingar um DOI (eða aðrar gerðir einkvæmra stafrænna auðkenna (e. PIDs) bæði hvað varðar upprunalegu útgáfuna og þá sem skilað er í varðveislusöfn, um gerð útgáfu í varðveislusafni (AAM/VoR) sem og stöðu í opnum aðgangi og aðgangssleyfi varðveittu útgáfunnar. Lýsigögn þurfa að vera bæði áreiðanleg og innibera allar upplýsingar um styrki sem aðildarsjóðir cOAlition S hafa veitt (að lágmarki skal nafn sjóðs og styrkjanúmer/auðkenni vera skráð).
- Tölvulesanlegar upplýsingar um ákvæði opins aðgangs og hvaða aðgangssleyfi tilheyra greininni, óbreytanlegt skráarsnið er viðmið.
- Ótakmarkað aðgengi (uppitími að lágmarki 99.7%, undanskilin eru reglubundnar viðhaldskeyrslur og uppfærslur).
- Aðstoð: lágmark er að netfang sé birt (virkt pósthólf) þar sem tryggt er að viðbragðstími sé ekki lengri en einn virkur dagur.

Eindregið er mælt til þessara viðbótaratriða fyrir varðveislusöfn:

- Innsendingarkerfi fyrir handrit sem styður bæði við stök greinaskil höfunda og magninnsendingar (e. bulk uploads) handrita (AAM or VoR) frá útgefendum.
- Heildartexti varðveittur á tölvutæku en mannlæsu formi samkvæmt viðurkenndum stöðlum eins og JATS XML.
- Stuðningur við stafræn einkvæm auðkenni (e. PIDs) fyrir höfunda (þ.e., ORCID), styrktarsjóði, sjóðakerfi og styrki, stofnanir og aðrar hlutaðeigandi einingar.

- Tilvísunargögn eiga að vera opin og samræmast staðlinum „Initiative for Open Citations (I4OC)“.
- Opið samkiptaforrit (e. API) sem heimilar öðrum (einnig tölvum) aðgang að innihaldinu. Forritasamskiptin skulu vera ókeypis og án nokkurra hindrana. Auðvelt auðkenningarkerfi eins og tákn fyrir „ofurnotendur“ t.d. samstarfsaðila sem heimsækja kerfið oft er ásættanlegt svo framarlega sem samstarfsaðilinn notar opnar/nafnlausar leiðir líka.
- Lýsigögn þurfa að samræmast OpenAIRE staðli.
- Hágæða samskiptaferlar þurfa að vera innbyggðir til að tengja heildartexta varðveittra greina viðurkenndum bókræðilegum lýsigögnum úr kerfum frá þriðja aðila, svo sem PubMed, Crossref, eða SCOPUS þegar mögulegt er.

Þýðandi: Þórný Hlynsdóttir 2021

